

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 141

8. maí 2025

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í gegnum fjarfundarbúnað 8. maí 2025 kl. 8:30.
Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson (í fjarveru Ingu Dóru Halldórsdóttur), Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðusta fundar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Fjármál Menntaskóla Borgarfjarðar

Skólameistari fór yfir fjármál MB. Almenn er fjárhagsstaða skólans góð. Á áætlun er að hálfársuppgjör verði lagt fyrir stjórn í ágúst.

3. Starfsánægjukönnun MB

Skólameistari fór yfir starfsánægjukönnun sem Prósent framkvæmdi á tímabilinu 15.-29. apríl síðastliðinn.

4. Skólastarfið

Skólameistari fór yfir starf skólans á vorönn 2025.

- Skóladagatal var kynnt og ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða milli ára.
- Skráningar nýnema er í fullum gangi og mun ljúka 10. júní. Nú gefst nemendum kostur á að velja þrjá skóla í aðalval í stað tveggja eins og áður.
- Á landsvísu er árgangur 2007 einn stærsti árgangur frá upphafi en svo er þó ekki í Borgarbyggð en engu að síður búið við að flestar umsóknir berist þaðan eins og undanfarin ár.
- Nú þegar eru 10 nemendur skráðir á starfsbraut sem er helmingsauking frá árinu 2023.
- Litlar breytingar eru framundan er varðar starfsmannamál.
- MRN sendi okkur drög að nýjum þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið sem áætlað er að gildi í fimm ár. Nú er vinna farin af stað að lesa yfir drögin og vonast er til að hann verði undirritaður fyrir sumarið.
- Rætt um nemendavelferð við skólann, og almenna líðan nemenda við MB.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

5. Önnur mál

1. Boðað er til aðalfundar Nemendagarða ehf, en lagt er til að skólameistari verði fulltrúi MB á fundinum. Er það samykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 9:36